

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 53/1992.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Helga Þór Jónssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Fjárdráttur. Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Ágrip barst Hæstarétti 21. september 1992.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat hans og færslu til refsíákvæða. Þá er fallist á niðurstöðu héraðsdómara um lækkun á ógreiddum söluskatti fyrir árið 1986.

Staðfesta ber ákvörðun hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða.

Bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1988. Samkvæmt upplýsingum sýslumannsins á Selfossi 25. febrúar 1993 er skiptum ekki lokið, en talið, að eignir þrotabúsins muni varla duga til greiðslu kostnaðar við gjaldþrotameðferðina. Ákærði er eingöngu ákærður fyrir að skila ekki söluskatti, en ekki fyrir rangfærslu við skattskil. Sekt ákærða vegna brota samkvæmt I. kafla ákærunnar þykir hæfilega ákveðin 4.000.000 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað fangelsi í átta mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Þór Jónsson, sæti fangelsi 12 mánuði, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar

falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði 4.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi átta mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómará sem dómsformanni og meðdómsmanninum Sigurði Stefánssyni, lög-giltum endurskoðanda, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 572/1991: Ákærvaldið gegn Helga Þór Jónssyni, sem tekið var til dóms 31. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí sl., á hendur ákærða, Helga Þór Jónssyni, Hrístateigi 14, Reykjavík, fæddum 25. október 1943 þar í borg.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir síðargreind refsilagabrot.

I.

Ákærða, Helga, eru gefin að sök vanskil á söluskatti með því að hafa ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 33/1982, greitt vegna hótélrekstrar síns, eins og honum bar og síðar verður rakið, innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddur mánaðarlega söluskatt þann, er honum bar að standa skil á. Hinar vangreiddu fjárhæðir eru sem hér segir:

— — —
Samtals 8.451.757 kr.

Atferli ákærða telst varða við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, en sbr. nú 1. og 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

II.

Þá er ákærða, Helga, gefið að sök sem einkaeiganda og framkvæmdastjóra Hótel Arkar að hafa vanrækt að standa neðanskráðum lífeyrissjóðum og stéttarfélagi skil á 844.315,70 kr, sem hann hafði haldið eftir við útborgun launa starfsmanna sinna, til greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðanna og til greiðslu félagsgjalda. Sundurliðast fjárhæðin þannig:

— — —
Telst framangreind háttsemi varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafist er refsingar samkvæmt framanrituðu og greiðslu alls sakarkostnaðar ásamt skaðabótum, ef krafist verður“.

Málavextir eru þessir:

Ákærði, Helgi Þór Jónsson, hóf að byggja Hótel Örk í Hveragerði í september 1985, og var hótelið opnað í júní 1986. Stóð ákærði einn að byggingu hótelsins og rak það sem einkafyrirtæki. Ákærði fjármagnaði bygginguna með því að selja persónulegar eignir, sem hann átti, og með því að fá skammtímalán, en ekki naut ákærði fyrirgreiðslu í formi langtímalána við bygginguna. Ekki treystir ákærði sér til þess að segja til um, hvað hótelið kostaði fullbyggt með þeim búnaði, sem í því var, þegar það var opnað.

Ákærði segir sakargiftum rétt lýst í ákæru að því leyti, að hann hafi ekki staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á þeim söluskatti, sem frá greinir í I. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 8.451.757 krónum, fyrir tímabilið júlí 1986 til desember 1987. Þá segir ákærði, að það sé rétt, sem segir í II. kafla ákæru, að hann hafi vanrækt að standa lífeyrissjóðum þeim, sem frá greinir í kaflanum, skil á iðgjöldum til sjóðanna og félagsgjaldi til stéttarfélags, eins og nánar er sundurliðað í ákæru.

Ákærði segir, að alltaf hafi staðið til að standa skil á þeim greiðslum, sem hann er í máli þessu ákærður fyrir að vanrækja skil á. Ástæðan til vanskilanna eru fjárhagsörðugleikar ákærða og ástæða þeirra rekstrarerfiðleikar Hótel Arkar, en þeir voru til komnir vegna mikils fjármagnskostnaðar við byggingu hótelsins.

Ákærði segir, að Karl Guðmundsson hafi átt að sjá um fjármál hótelsins frá upphafi rekstrar þess í lok júní 1986 og þar til í lok febrúar 1987. Þá kveðst ákærði hafa flust austur í Hveragerði og tekið við þessum málum, en fram að því hafði ákærði engin afskipti af rekstri hótelsins, en séð um byggingarframkvæmdirnar. Ákærði segir, að Karl hafi átt að sjá að öllu leyti um útreikninga og skýrslugerð vegna söluskattsuppgjörs og uppgjörs til lífeyrissjóða og stéttarfélaga, á meðan hann annaðist fjármálastjórnina. Ákærði sá um þetta sjálfur, þegar Karl var hættur, og fram í maí 1987, en þá tók Bjarni Zophoníasson við þessu og reyndi að ganga betur frá

hlutunum, en þeir höfðu ekki verið í nógu góðu lagi fram að því. Þá segir ákærði, að Jón Eiríksson endurskoðandi hafi verið fenginn til þess að aðstoða við að koma bókhaldinu í gott horf og vinna upp bókhald frá fyrra ári, sem Gunnar R. Magnússon endurskoðandi hafði skilað seint og illa unnu að mati ákærða. Ákærði segir, að Jón Eiríksson hafi þurft að vinna við að lagfæra bókhaldið í langan tíma, allt frá því í ágúst fram í nóvember 1987, eftir því sem ákærði best man.

Ákærði hefur athugað öll gögn málsins og sérstaklega með tilliti til þess, hvort þær fjárhæðir og sú sundurliðun, sem fram kemur í ákæru, sé rétt, og hefur hann ekki séð annað en svo sé.

Vitnið Karl Guðmundsson framkvæmdastjóri, Mánagötu 9 í Keflavík, kveðst hafa hafið störf hjá Hótel Örk um mánaðamót júní/júlí 1986. Telur vitnið, að starfsheiti sitt hafi verið skrifstofustjóri og verksvið sitt verið samkvæmt því að sjá um fjármál og bókhald fyrirtækisins í samráði við eigandann. Vitnið lauk störfum hjá hótelinu í febrúar 1987.

Vitnið segir, að það hafi verið í sínum verkahring, á meðan það starfaði hjá hótelinu, að skila söluskattskýrslum og sjá um útreikninga á iðgjöldum til lifeyrissjóða og félagsgjöldum til stéttarféлага.

Vitnið segir, að vitnið Svava Eggertsdóttir muni hafa gengið frá flestum skilagreinum til lifeyrissjóðanna.

Vitnið Bjarni Zophoníasson framkvæmdastjóri, Víkurbakka 8 í Reykjavík, kveðst hafa hafið störf hjá Hótel Örk í maí 1987 og unnið sem bóvari á skrifstofu. Var það m. a. í verkahring vitnisins að ganga frá söluskattskýrslum. Vitnið segir, að þessum skýrslum hafi að jafnaði verið skilað á réttum tíma, en þó megi vera einhver frávik frá því, að það hafi verið gert á nákvæmlega réttum tíma.

Vitnið segir, að þegar það hóf störf hjá Hótel Örk, hafi ekki verið búið að færa bókhald allt frá áramótum 1986/1987. Vitnið kveðst hafa byrjað að færa bókhaldið frá áramótum, þegar það hóf störf hjá hótelinu, og síðan, þegar því var lokið í ágúst/september, var leitað til Endurskoðunar hf. með afstemmingar á bókhaldinu og það afstemmt til loka ágúst 1987. Vitnið segir, að vegna óreiðunnar á bókhaldinu hafi verið erfitt að ganga frá söluskattskýrslum, og hafi þá komið til áætlanir, sem vitnið setti fram, en þetta var afstemmt miðað við 31. ágúst 1987, þegar afstemmingu bókhaldsins var lokið. Í framhaldi af því voru söluskattskýrslur leiðréttar frá fyrri tíð. Vitnið minnst þess ekki, að Endurskoðun hf. hafi haft önnur afskipti af söluskattskýrslum fyrirtækisins en þau, sem áður nefnd afstemming náði til. Vitnið kveðst hafa unnið öll sín störf við bókhaldsmál Hótel Arkar eftir bestu vitund og samviskusemi.

Vitnið kveðst hafa byrjað á því að tölvufæra launaútreikninga hjá hótelinu, og hafi það haft hönd í bagga við þær tölvuútskriftir, sem fram

koma í gögnum málsins um lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfestir vitnið, að skilagreinarinnar hafi verið sendar hlutadeigandi lífeyrissjóðum, þótt greiðslur hafi ekki fylgt með.

Vitnið Svava Eggertsdóttir garðyrkjubóndi, Klettahlíð 4 í Hveragerði, hóf störf á skrifstofu Hótel Arkar, fljótlega eftir að hótelið tók til starfa. Vitnið man ekki, hvenær það hætti störfum, en aðallega hafði vitnið með höndum launaútreikninga og útreikninga á lífeyrissjóðsiðgjöldum og öðru því, sem tilheyrði launabókhaldi.

Vitnið staðfestir að hafa gengið frá mörgum útreikningum vegna lífeyrissjóðsiðgjalda og allir verið sendir, án þess að greiðsla fylgdi með.

Vitnið Jón Eiríksson, löggiltur endurskoðandi, Boðagrandi 20 í Reykjavík, segir, að það hafi fengið frá Bjarna Zophoníassyni, bókara Hótel Arkar, skjalið „Yfirlit vegna söluskatts 1987, Hótel Örk“, en skjal þetta er að finna í gögnum málsins, og einnig staðfestir vitnið, að það hafi afhent Agli Bjarnasyni lögreglufulltrúa ýmis gögn vegna uppgjors hjá Hótel Örk. Loks staðfestir vitnið, að það hafi gert ársreikninginn 1987.

Vitnið segir, að óreiða hafi verið á bókhaldi Hótel Arkar, þegar það kom til starfa um eða upp úr miðju ári 1987 við að semja rekstrar- og efnahagsreikning fyrir það ár. Var fyrst unnið átta mánaða uppgjör og síðan ársuppgjör. Vitnið segir, að við uppgjörið hafi komið fram, að gera hafi þurft leiðréttingar vegna færslna, sem tilheyrðu árinu 1986.

Vitnið Gunnar Reynir Magnússon, löggiltur endurskoðandi, Hrauntungu 3 í Kópavogi, hefur staðfest, að það hafi samið ársreikning Hótel Arkar fyrir árið 1986 og gert það eftir bestu vitund. Þá staðfestir vitnið, að afstemmingarblað vegna söluskatts fyrir síðari hluta ársins 1986 fyrir Hótel Örk sé unnið á skrifstofu sinni og undirritað af þáverandi starfsmanni sínum, Jóni Gunnari Gíslasyni.

Vitnið segir, að þegar það tók að sér að gera upp ársreikning fyrir Hótel Örk vegna ársins 1986, hafi bókhald fyrirtækisins verið í mikilli óreiðu og erfitt að ganga frá uppgjöri, jafnvel ómögulegt miðað við þau gögn, sem fyrir lágu.

Vitnið Egill Bjarnason lögreglufulltrúi, Kvíholti 14 í Hafnarfirði, hefur staðfest ýmis rannsóknargögn í málinu, sem það hefur samið.

Niðurstöður.

Söluskattsvanskil ákærða samkvæmt ákærinni byggjast á sundurliðun í bréfi Skattstofu Reykjavíkur, dagsettu 11. apríl 1991, en samkvæmt söluskattsskýrslum og ársreikningum Hótel Arkar fyrir árið 1986 kemur fram, að á lagður söluskattur samkvæmt söluskattsskýrslum fyrir júlí-október er 1.523.040 krónur, og samkvæmt yfirliti í ársreikningi Hótel Arkar fyrir árið 1986 koma fram innborganir á söluskatt fyrir ágúst, september og október

1986, samtals 1.034.361 króna. Mismunur, sem telja má ógreiddan fyrir þetta tímabil, er því 488.679 krónur, en ekki 1.544.897 krónur, eins og kemur fram í ákæru. Ógreiddur söluskattur fyrir árið 1987 er samkvæmt ákæru í samræmi við ársreikning Hótel Arkar fyrir það ár 6.906.860 krónur. Samanlögð vanskil Hótel Arkar á söluskatti fyrir það tímabil, sem tilgreint er í ákæru, er því 7.395.539 krónur í stað 8.451.757 króna, eins og ákæra tilgreinir. Með framangreindri athugasemd er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur ekki staðið skil á framangreindum söluskatti fyrir það tímabil, sem frá greinir í I. kafla ákæru. Þá er einnig sannað með sama hætti, að ákærði hefur ekki staðið skil á þeim lífeyrissjóðsiðgjöldum og félagsgjöldum, sem sundurliðuð eru í II. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 844.315,70 krónur. Er öll þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Ákærði hefur sjö sinnum sæst á greiðslu sekta og sætt tveimur refsíðómum, árið 1962 fyrir umferðarlagabrot og 29. júní 1990 fyrir fjárdrátt og svik (6 mánaða fangelsi, skilorðsb. 3 ár).]

Refsing.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi sú, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, er framin fyrir uppsögu dóms ákærða frá 29. júní sl., og samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður sú refsing, sem ákærða var þá ákvörðuð, felld inn í þá refsingu, sem ákærða verður ákvörðuð nú.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af framangreindu hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði, en þar sem ekki er um skilorðsrof að ræða og ákærði hefur ekki áður hlotið refsivistardóm, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu níu mánaða af refsingunni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði vegna brotanna í I. kafla ákæru 7.500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi fimm mánuði.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Þór Jónsson, sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá greiði ákærði 7.500.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi fimm mánuði, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.
